

# FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi

Erindi nr. P 138/963

komudagur 22.1.2010

Nefndasvið Alþingis  
Viðskiptanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

20. janúar 2010

Tilvísun: 2009120068

## Umsögn um frumvarp til laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, 259. mál

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvupósts yðar, dags. 28. desember 2009, þar sem óskað er eftir umsögn þess um frumvarp til nýrra laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

Fjármálaeftirlitið vill lýsa ánægju sinni með umrætt frumvarp til nýrra laga og styður almennt efni þess. Fjármálaeftirlitið vill þó gera eftirfarandi athugasemdir við einstaka greinar:

### I. Athugasemdir við 6. gr. frumvarpsins

Í 6. gr. frumvarpsins er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið skuli tilkynna um veitingu staðfestingar verðbréfasjóðs eigi síðar en einum mánuði frá því að fullbúin umsókn barst. Fjármálaeftirlitið telur að rétt væri að hafa þann tíma sem Fjármálaeftirlitið hefur til að staðfesta verðbréfasjóð tvo mánuði til samræmis við ákvæði nýrrar tilskipunar um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (2009/65/EC), sem á að taka gildi í júlí 2011.

### II. Athugasemdir við 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins

Sama athugasemd er gerð við 2. mgr. 7. gr. og að ofan greinir, þ.e. Fjármálaeftirlitið telur að synjun umsóknar skuli tilkynnt umsækjanda innan tveggja mánaða frá móttöku fullbúinnar umsóknar í stað eins mánaðar.

### III. Athugasemdir við 8. gr. frumvarpsins

Í 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins er kveðið á um að áður en til afturköllunar kemur skv. 1.-2. tölul. 1. mgr. skal veittur hæfilegur frestur til úrbóta sé þess kostur. Fjármálaeftirlitið telur að taka eigi tilvísun í 1. tl. 1. mgr. 8. gr. út, þar sem það eigi ekki við að veittur sé hæfilegur frestur til úrbóta þegar rekstrarfélag hefur brotið með alvarlegum hætti eða ítrekað gegn lögnum.

### IV. Athugasemdir við 9. gr. frumvarpsins

2. másl. 9. gr. er nokkuð óskýr og leggur Fjármálaeftirlitið til að málsliðurinn hljóði svo:

*Markaðssetji rekstrarfélag verðbréfasjóð í öðru ríki skal Fjármálaeftirlitið tilkynna afturköllunina lögþærum eftirlitsaðilum í viðkomandi ríki*

### V. Athugasemdir við 30. gr. frumvarpsins

Fjármálaeftirlitið gerir athugasemd við 2. tl. 1. mgr. 30. gr. þar sem fram kemur að verðbréfasjóði sé heimilt að binda fé sitt í nýútgefnum verðbréfum, enda sé í skilmálum vegna útgáfu þeirra skuldbinding um að sótt verði um skráningu verðbréfanna á skipulegum

verðbréfamarkaði skv. 1. t.l. Þá er þess getið að skráning verðbréfa samkvæmt þessu ákvæði skuli fara fram eigi síðar en einu ári frá útgáfu þeirra. Fjármálaeftirlitið bendir á að þessi eins árs tími sem gefinn er til að skrá verðbréf er of rúmur og telur rétt að hann verði stytur í sex mánuði. Það getur verið villandi að hafa þessa heimild of rúma. Verðbréfasjóður getur á þessu eins árs tímabili t.d. verið að fjárfesta í víxlum eða skuldabréfum til skemmri tíma og þá í raun verið að fjárfesta í óskráðum verðbréfum umfram heimildir.

#### **VI. Athugasemdir við 31. gr. frumvarpsins**

Fjármálaeftirlitið gerir athugasemd við orðalag 2. mgr. 31. gr. og telur það ekki rétt. Lagt er til að 2. mgr. 31. gr. verði svohljóðandi:

*Verðbréfasjóði er heimilt að hafa allt að 10% af eignum sínum í reiðufé eða auðseljanlegum eignum til skamms tíma.*

#### **VII. Athugasemdir við 39. gr. frumvarpsins**

Fjármálaeftirlitið leggur til að bætt verði við 39. gr. einni málsgrein þar sem fram kæmi að verðbréfasjóði eða einstakri deild hans er óheimilt að fjárfesta meira en 25% af eign sinni í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða eða fjárfestingarsjóða innan sama rekstrarfélags til samræmis við það sem áður hafði verið sett fram í drögum að frumvarpi til nefndra laga. Þetta væri til þess fallið að tryggja meiri áhættudreifingu með því að takmarka fjárfestingar innan sama rekstrarfélags og enn fremur til að tryggja það að hagsmunir hlutdeildarskírteinishafa yrðu hafðir í fyrirrúmi.

#### **VIII. Athugasemdir við 41. gr. frumvarpsins**

Fjármálaeftirlitið telur rétt að bæta við 41. gr. frumvarpsins annarri málsgrein, þar sem fram kæmi það sem nú er kveðið á um í 2. mgr. 28. gr. frumvarpsins. Með öðrum orðum er talið að færa beri 2. mgr. 28. gr. yfir í 2. mgr. 41. gr. Þessi tilfæring væri til þess fallin að auka skýrleika enda á málsgreinin frekar heima undir kaflanum um fjárfestingarheimildir. Það samsvarar einnig uppsetningu á ákvæðum nýrrar tilskipunar um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (2009/65/EC). 2. mgr. 41. gr. yrði þá svohljóðandi:

*Verðbréfasjóði er óheimilt að taka önnur lán en skammtímalán til að standa straum af innlausn hlutdeildarskírteina. Slik lán mega ekki nema meira en svarar 10% af eignum sjóðsins eða einstakra deilda innan hans.*

Enn fremur bendir Fjármálaeftirlitið á að varhugavert sé að heimila verðbréfasjóði að veita verðbréfalán. Í frumvarpinu er lagt til að heimila verðbréfasjóðum að veita verðbréfalán en þó aðeins sem hluta af eðlilegri áhættustýringu, sbr. 2. másl. 1. mgr. 41. gr. frumvarpsins. Fjármálaeftirlitið telur að ávallt beri að túlka þetta ákvæði þröngt og að verðbréfalán yrði eingöngu notað til að bæta lausafjárstýringu.

#### **IX. Athugasemdir við 44. gr. frumvarpsins.**

Fjármálaeftirlitið gerir athugasemd við orðnotkun í 1. t.l. 1. mgr. 44. gr. frumvarpsins, en þar er talað um *fyrirtæki* um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum. Réttara væri að tala um *sjóði* um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum í þessu samhengi.

#### **X. Athugasemdir við 51. gr. frumvarpsins**

Í 4. mgr. 51. gr. kemur fram að nánari sé unnt að kveða á um útboðslýsingar og útdrætti úr útboðslýsingum vegna verðbréfasjóða í reglugerð. Fjármálaeftirlitið telur að réttara væri samhengisins vegna að færa þessa málsgrein neðst í 52. gr. frumvarpsins um nánari upplýsingar í útboðslýsingu.

#### **XI. Athugasemdir við 62. gr. frumvarpsins**

Í 62. gr. frumvarpsins er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið skuli tilkynna um veitingu starfsleyfis hlutafélagssjóðs eigi síðar en einum mánuði frá því að fullbúin umsókn barst. Fjármálaeftirlitið telur að rétt væri að hafa þann tíma sem Fjármálaeftirlitið hefur til að veita starfsleyfi tvo mánuði til samræmis við ákvæði nýrrar tilskipunar um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (2009/65/EC), sem á að taka gildi í júlí 2011.

#### **XII. Athugasemdir við 67. gr. frumvarpsins**

Fjármálaeftirlitið gerir athugasemd við orðnotkun í 2. másl. 1. mgr. 67. gr. frumvarpsins en þar er talað um stjórn fjárfestingarsjóðs. Bent er á að réttara væri að tala um stjórn hlutafélagssjóðs. Jafnframt er gerð athugasemd við 3. mgr. 67. gr. frumvarpsins og telur Fjármálaeftirlitið að rétt væri að bæta sjóðstjóra inn í málsgreinina. 3. mgr. 67. gr yrði þá svohljóðandi:

*Framkvæmdastjóri og sjóðstjóri skulu hafa lokið prófi í verðbréfavíðskiptum í samræmi við VII. kafla laga um fjármálafyrirtæki.*

#### **XIII. Athugasemdir við 70. gr. frumvarpsins**

Fjármálaeftirlitið telur að rétt væri að setja inn tímamörk varðandi tilkynningu um stofnun sjóða. 2. málsliður 1. mgr. yrði því svohljóðandi:

*Rekstraraðilar fagfjárfestasjóða skulu tilkynna um sjóði til Fjármálaeftirlitsins eigi síðar en mánuði frá stofnun þeirra.*

Þá telur Fjármálaeftirlitið að geta eigi þess í greinagerð með frumvarpinu hvenær fagfjárfestasjóður telst stofnaður. Miða mætti við stofndag samkvæmt reglum sjóðsins eða samþykktum félags. Í tilvikum þegar markaðssetning sjóðs hefst fyrir stofndag eða sjóður er farinn að veita viðtöku fjár frá fagfjárfestum fyrir stofndag þá væri eðlilegra að líta svo á að sjóðurinn teljist stofnaður frá þeim tímapunkti.

Í 2. másl. 2. mgr. 70. gr. er kveðið á um að ákvæði þetta víki ekki til hliðar skaðabótaábyrgð rekstrarfélags. Fjármálaeftirlitið telur réttara að tala um skaðabótaábyrgð rekstraraðila í stað rekstrarfélags.

#### **XIV. Athugasemdir við 71. gr. frumvarpsins**

Fjármálaeftirlitið leggur til að tekin verði út 2. másl. 2. mgr. 71. gr. frumvarpsins þar sem sömu umfjöllun er að finna í 72. gr. þess.

Í 3. másl. 2. mgr. 71. gr. er kveðið á um að allar breytingar skv. málsgreininni skuli tilkynna til Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið telur að rétt væri að setja inn tímamörk varðandi það hvenær tilkynning um breytingar skuli berast. Málsliðurinn gæti því hljóðað svo:

*Allar breytingar skv. 2. mgr. skal tilkynna tafarlaust til Fjármálaeftirlitsins.*

Í 3. mgr. 71. gr. frumvarpsins leggur Fjármálaeftirlitið til að bæta við 2. málslið sem gæti verið svohljóðandi:

*Ársreikningur skal ávallt vera fjárfestum aðgengilegur.*

#### **XV. Athugasemdir við 72. gr. frumvarpsins**

Í 4. mgr. 72. gr. er kveðið á um að tilkynna skuli um skipan og síðari breytingar á stjóðstjóra og skulu tilkynningunni fylgja fullnægjandi upplýsingar til að hægt sé að meta hvort skilyrðum

1. - 2. mgr. sé fullnægt. Fjármálaeftirlitið vill benda á að að rétt væri samræmisins vegna að geta framkvæmdarstjóra líka og vísa þá jafnframt í 1. - 3. mgr. í stað 1. og 2. mgr. Einnig væri rétt að setja inn tímamörk varðandi það hvenær tilkynning um breytingar skuli berast. Málsgreinin yrði svohljóðandi:

*Rekstraraðili fagfjárfestasjóða skal tilkynna tafarlaust Fjármálaeftirlitinu um skipan og síðari breytingar á framkvæmdastjóra og sjóðstjóra og skulu tilkynningunni fylgja fullnægjandi upplýsingar til að hægt sé að meta hvort skilyrðum 1. - 3. mgr. sé fullnægt.*

#### **XVI. Athugasemdir við 73. gr. frumvarpsins**

Í 1. mgr. 73. gr. er kveðið á um rekstrarfélög og aðra aðila og telur Fjármálaeftirlitið réttara að tala um rekstraraðila enda sé það hugtak notað annars staðar í kaflanum.

Fjármálaeftirlitið leggur til að bætt verði við einni málsgrein þar sem fram kæmi að rekstraraðilum sem reka fagfjárfestasjóði væri óheimilt að markaðssetja og koma fagfjárfestasjóð á framfæri við almenning. Ennfremur að fram kæmi að þeim beri einnig skylda til þess afla sér upplýsinga um þekkingu og reynslu viðskiptavinar á sviði viðkomandi tegundar verðbréfiðskipta, fjárhagsstöðu hans og markmið með fyrirhugaðri fjárfestingu, sbr. II. kafli laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti. Reynslan hefur sýnt það að töluverður misbrestur hefur verið á því að fjárfestar séu rétt flokkaðir og í ljósi þess að fagfjárfestasjóðir eru ekki endilega reknir af fjármálafyrirtækjum þykir rétt að taka af allan vafa um það að ofangreind skylda hvíli á rekstraraðilum fagfjárfestasjóða.

Ennfremur er vakin athygli á því að bæta ákvæði 73. gr. við upptalningu í 76. gr. um stjórnvaldssektir.

#### **XVIII. Athugasemdir við 76. gr. frumvarpsins**

Fjármálaeftirlitið vill benda á eftirfarandi athugasemdir varðandi upptalningu og tilvísanir í 76. gr. frumvarpsins:

- Fjármálaeftirlitið bendir á að tilvísun vantar í 2. gr. frumvarpsins.
- Fjármálaeftirlitið telur rétt að bæta við tölulíðum í upptalningu og vísa í 19. gr. og 2. mgr. 66. gr. frumvarpsins vegna brota á góðum venjum og viðskiptaháttum. Þá væri e.t.v. rétt að taka út 2. mgr. 76. gr. frumvarpsins, enda telur Fjármálaeftirlitið að orðunum "gróflega" og "ítrekað" sé ofaukið í þeirri málsgrein.
- Í 40. tl. er vísað í 1. mgr. 72. gr., en Fjármálaeftirlitið telur rétt að vísa í 1.- 4. mgr. 72. gr.
- Fjármálaeftirlitið telur rétt að bæta við upptalningu tilvísun í 73. grein í heild sinni.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

*Halldóra E. Ólafsd.*  
Halldóra E. Ólafsdóttir

*Berglind Helga Jónsd.*  
Berglind Helga Jónsdóttir